



NORÐURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla 2001

NORÐURLANDSSKÓGAR



Efnisyfirlit

Samantekt.....	2
Tíðarfar og vöxtur.....	2
Stjórn og starfsmenn	2
Samningar	2
Námskeið og kynning	2
Áhöld og tæki.....	3
Plöntukaup	3
Fjármál	3
Framkvæmdir heildaryfirlit.....	4
- Skógrækt	4
- Skjólbelti.....	7
Eyjafjarðarsýsla – samantekt	9
Þingeyjarsýslur – samantekt	12
Skagafjarðarsýsla – samantekt.....	16
Húnavatnssýslur – samantekt.....	18
Fundargerðir stjórnar Norðurlandsskóga	21
Ársreikningur 2001	29

Samantekt

Þetta fyrsta heila starfsár Norðurlandsskóga einkenndist af bjartsýni og miklum áhuga skógarbænda. Á vegum verkefnisins gróðursettu 43 skógarbændur alls um 450 þúsund plöntur. Kortlagðar voru 44 jarðir í sumar og verða ræktunaráætlanir unnar fyrir þær í vetur svo hægt verði að hefja gróðursetningu vorið 2002.

Í haust voru formlega teknar 31 jarðir inn í verkefnið þó með fyrirvara um að fjárveitingar yrðu samkvæmt áætlunum. Þær vonir brugðust hins vegar algerlega og er verkefninu aðeins ætlaðar 50 miljónir króna á næsta ári sem er sama upphæð og á þessu ári. Þetta er nokkuð áfall fyrir uppbyggingu Norðurlandsskóga þar sem ljóst er að ekki verður hægt að taka inn þær jarðir sem áætlað var.

Tíðarfar og vöxtur

Tíðarfar var fremur hagstætt gróðri og vöxtur í meðallagi. Haustið var sérstaklega gott og snjólaust fram undir áramót.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn Norðurlandsskóga skipa sem fyrr þeir : Stefán Guðmundsson f.h. landbúnaðarráðherra, Davíð Guðmundsson f.h. Félags skógarbænda á Norðurlandi, Sigurður Skúlason f.h. Skógræktar ríkisins og Þorvaldur Böðvarsson f.h. Skógræktarfélagi á Norðurlandi.

Á árinu voru fastráðnir tveir nýir starfsmenn. Valgerður Jónsdóttir garðyrkjutækni-fræðingur var ráðin svæðisstjóri í Eyjafirði og Fnjóskadal og hóf hún störf í byrjun ágúst. Johan Wilhelm Holst skógræðingur var ráðinn svæðisstjóri í Skagafirði og Húnavatnssýslum og hóf hann störf í byrjun október.

Sumarstarfsmenn voru Ólöf Sigurbjartsdóttir, Agnes Brá Birgisdóttir og Laufey Haraldsdóttir. Sem fyrr er framkvæmdarstjóri Sigrún Sigurjónsdóttir skógræðingur og svæðisstjóri í Þingeyjarsýslum er Guðríður Baldvinsdóttir skógræðingur.

Samningar

Unnið var að gerð samninga við skógarbændur á árinu. Í lok árs höfðu verið gerðir samningar við um 80 skógarbændur og verður þeim þinglýst jafnóðum og þeir berast undirritaðir frá skógarbændum og landbúnaðarráðuneytinu.

Í haust var boðin út plöntuframleiðsla fyrir árið 2003 og að hluta árið 2004. Aðeins bárust tvö tilboð í alla framleiðsluna og var tekið hagstæðara boðinu sem var frá Gróðrarstöðinni í Kjarna. Alls var boðin út framleiðsla á 981.000 plöntum og var tilboðið upp á tæpar 27 miljónir króna.

Námskeið og kynning

Girðinganámskeið fyrir skógarbændur voru haldin í Eyjafirði, S-Þing. og Skagafirði í vor.

Gefin var út veglegur fræðslubæklingur um skógrækt sem unnin var af starfsmönnum Norðurlandsskóga ásamt fleirum. Bæklingnum er ætlað að vera hjálpartæki skógarbænda en í honum er skýrðar allar helstu skógræktarframkvæmdir bæði í máli og myndum. Búnaðarbanki Íslands styrkti Norðurlandsskóga rausnarlega til hönnunar og prentunar á bæklingnum. Einnig var gefin út lítill kynningabæklingur um Norðurlandsskóga sem er ætlaður til almennrar kynningar á verkefninu.

Áhöld og tæki


Tvö ný jarðvinnslutæki voru keypt á árinu í samstarfi við tvo bændur sem munu jarðvinna fyrir skógarbændur í samvinnu við Norðurlandsskóga. Þetta tæki hefur verið kallað “Skógarstjarnan” og er sænskt að uppruna. Tækið virkar þannig að það rífur upp flekki í gróðurhuluna og jarðvegi þannig að plöntur kafna ekki vegna samkeppni við annan gróður. Vonast er til að notkun þessa tækis bæti árangur gróðursetninga í frjósömu landi.

Plöntukaup

Á þessu ári voru keyptar um 300.000 plöntur af Garðyrkjustöðinni á Grísará, um 60.000 af Gróðrarstöðinni Barra, um 40.000 af Gróðrarstöðinni í Kjarna og um 45.000 frá Skógræktinni á Vöglum.

Fjármál

Samkvæmt áætlun sem unnin var af undirbúningshóp fyrir Norðurlandsskóga var gert ráð fyrir að fjárveiting ársins yrði 50 milljónir króna. Þær áætlanir stóðust og fylltu menn bjartsýni um framtíð verkefnisins. Í lok ársins kom hins vegar í ljós að fjárveiting næsta árs yrði langt undir væntingum eða sú sama og á þessu ári þannig að ljóst er að næsta ár verður erfitt og ekki verður hægt að byggja verkefnið upp á þeim krafti sem áætlað var.



Framkvæmdir – heildaryfirlit


Skógrækt

Alls var gróðursett á 38 jörðum á vegum Norðurlandsskóga.


Heildargróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Ásláksstaðir			280	2840			910	4030
Barkarstaðir				1800	2440		350	4590
Dæli		104	2778	400	2440			5722
Egilsá				200	120		105	425
Engihlíð		2600	0		5000	600		8200
Flaga					5000			5000
Garður 1		2480			10066			12546
Gautland				4240	2000		1190	7430
Glæsibær		1000	6880	10200	19640		2625	40345
Hamar		13864	22622	15660	45360		5110	102616
Háls		89	156	67			355	667
Hesjuvellir		270		520	2560		525	3875
Héraðsdalur 2					2000			2000
Hjaltastaðir		600	1340	840	4560			7340
Hrafnstaðir		500	480		4000			4980
Hróarsstaðir			804	400	11200			12404
Hvammur				3000				3000
Jódísarstaðir				2040	2520		980	5540
Kárhóll		1000	2000	2520	11020			16540
Kriðhóll 2		500	0		9800			10300
Kúskerpi		2018			4000			6018
Landamót		1760		4024	6560			12344
Laugafell		1000	480	2040	2520		490	6530
Marbæli					10000			10000
Merkigarður		500		480	1000			1980
Narfastaðir		1000	4000	1000	10010		1995	18005
Páfastaðir		500	2605		11140			14245
Pálmholt					6087			6087
Samkomugerði 2					2400			2400
Silfrastaðir		5050	5800	8800	28000			47650
Skjaldarstaðir	40	320	854	320	8008		70	9612
Snartarstaðir 2					2000			2000
Steðji			4154					4154
Stóru-Reykir		600			7065			7665
Syðri-Hagi		2000			3000			5000
Syðri-Mælifellsá		2000			1000			3000
Ytra-Kálfsskinn					1000			1000
Öngulstaðir 2		2094			2500		3500	8094
Samtals	40	41849	55233	61391	246016	600	18205	423334


Fjöldi jarða sem gróðursettu – skipting eftir sýslum




Hlutfallsskipting milli tegunda og sýslna



Skógrækt og skjólbelti Skipting plantna milli sýslna



Skógrækt og skjólbelti skipting milli tegunda



Skjólbelti


Skjólbelti voru ræktuð á 31 jörð á vegum Norðurlandsskóga. Áhugi á skjólbeltarækt er mikill og á vafalaust eftir að aukast á næstu árum þegar árangur fer að sjást.

Norðurlandsskógar veita framlög til u.þ.b. 70% af stofnkostnaði beltanna. Bændur sjá um jarðvinnslu, friðun, gróðursetningu og umhirðu beltanna en Norðurlandsskógar leggja til plöntur, plast og plastlagningu.


Heildargróðursetning

Jörð	Birki	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Reynir	Samtals
Auðkúla	120	30		450	90		690
Árdalur				620			620
Barkarstaðir	57	15	42	574			688
Björg				720	50		770
Brekka	34		68	935	45		1082
Eyjófsstaðir	80			936	77		1093
Gautland	80	80		1040	80		1280
Háls	89			223	355		667
Hjaltastaðir				568	49		617
Hof				266	33		299
Hóll	31	9		425	20		485
Hrafnstaðir				432	86		518
Kambstaðir			40	200			240
Klauf	25		25	400	50		500
Kornsá	47	3			45		95
Laxárdalur	186	122	64	1538	208	21	2118
Litli-Garður	140	204		790	1332		2466
Lón 2	65			460			525
Melar				272			272
Miðhvammur				76	7		83
Narfastaðir	364		315	1073		45	1752
Nautabú	175	120		1633	116		2044
Nes			85	860	85		1030
Sandfellshagi 2	40			626	84		750
Spónsgerði	210		70	700	70		1050
Staðarhóll			40	232			272
Tréstaðir	180						180
Vaglir	70			385	70		525
Víðigerði				150			150
Ytra-Áland	39		32	1060	78		1209
Ytra-Lón				990			990
Samtals	2032	583	781	18634	3030	66	25060

Skipting skjólbeltaplantna eftir tegundum



Fjöldi skjólbeltabænda



Eyjafjarðarsýsla – Samantekt

Alls eru 20 jarðir í Eyjafirði þátttakendur í Norðurlandsskógaverkefninu. Flestar jarðirnar voru áður í verkefninu nytjaskógrækt á bújörðum sem hófst í Eyjafirði 1983. Nokkrar jarðir sem voru í því verkefni kusu þó að ganga ekki inn í Norðurlandsskóga og eru því áfram í gamla kerfinu.

Nú þegar er orðin þörf fyrir grisjun á nokkrum bæjum sem hófu gróðursetningu í byrjun nytjaskógarverkefnisins. Á þessu ári var grisjað á einni jörð, Dagverðareyri í Hörgárbyggð.

Kortlagðar voru 3 jarðir í Eyjafirði í sumar sem munu hefja gróðursetningu næsta vor. Nokkrar jarðir eru á biðlista um að komast inn í verkefnið.

Skógrækt

Gróðursett var á 9 jörðum og gengu framkvæmdir vel. Lítilsháttar var jarðunnið fyrir gróðursetningar með plóg og tæta.

Eyjafjörður - vorgróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Ásláksstaðir			280	2840		910	4030
Flaga					3600		3600
Glæsibær		1000	6880	10200	19640	2625	40345
Hesjuvellir		270		520	2560	525	3875
Samkomugerði 2					2400		2400
Skjaldarstaðir	40		720	320	6400	70	7550
Syðri-Hagi		2000			3000		5000
Ytra-Kálfsskinn					1000		1000
Öngulstaðir 2		2094					2094
Samtals	40	5364	7880	13880	38600	4130	69894


Eyjafjörður – haustgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Flaga				1400		1400
Hvammur			3000			3000
Skjaldarstaðir	320	134		1608		2062
Steðji		4154				4154
Öngulstaðir 2				2500	3500	6000
Samtals	320	4288	3000	5508	3500	16616

Eyjafjörður – heildargróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Ásláksstaðir			280	2840		910	4030
Flaga					5000		5000
Glæsibær		1000	6880	10200	19640	2625	40345
Hesjuvellir		270		520	2560	525	3875
Hvammur				3000			3000
Samkomugerði 2					2400		2400
Skjaldarstaðir	40	320	854	320	8008	70	9612
Steðji			4154				4154
Syðri-Hagi		2000			3000		5000
Ytra-Kálfsskinn					1000		1000
Öngulstaðir 2		2094			2500	3500	8094
Samtals	40	5684	12168	16880	44108	7630	86510

Eyjafjörður skipting milli tegunda



Skjólbeltarækt

Skjólbeltarækt á sér nokkuð ríka hefð í Eyjafirði, sérstaklega í Öngulstaðahreppi hinum forna sem nú tilheyrir Eyjafjarðarsveit en þar hefur lengi verið hvatt til skjólbeltaræktar á meðal bænda enda er þar til skjólbeltasjóður sem menn hafa getað sótt styrki í.

Á þessu ári voru ræktuð skjólbelti á 6 jörðum á vegum Norðurlandsskóga.

Eyjafjörður - skjólbelti

Jörð	Birki	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Klauf	25		25	400	50	500
Litli-Garður	140	204		790	1332	2466
Spónsgerði	210		70	700	70	1050
Tréstaðir	180					180
Vaglir	70			385	70	525
Víðigerði				150		150
Samtals	625	204	95	2425	1522	4871

Valgerður Jónsdóttir svæðisstjóri Eyjafirði

Pingeyjarsýslur – Samantekt

Alls eru 30 jarðir í Pingeyjarsýslum þátttakendur í Norðurlandsskógum. Eins og í Eyjafirði kusu nokkrar jarðir sem voru í verkefninu Nytjaskógrækt á bújörðum að ganga ekki inn í Norðurlandsskóga og eru því áfram í gamla kerfinu. Kortlagðar voru 9 jarðir í sumar. Í lok ársins voru um 30 jarðir í biðstöðu.

Skógrækt

Alls var gróðursett á 11 jörðum í Pingeyjarsýslum nú í ár. Þar af var á 5 jörðum verið að gróðursetja í fyrsta sinn, en 6 jarðir voru áður þátttakendur í Nytjaskógrækt á bújörðum. Jarðunnið var með skógarstjörnu á nokkrum jörðum.

Suður-Pingeyjarsýsla - vorgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Hjaltastaðir	600	670	840	4560		6670
Hrafnstaðir	500	480		4000		4980
Hróarsstaðir		402	400	11200		12002
Jódísarstaðir			2040	2520	980	5540
Kárhóll	1000	2000	2520	7000		12520
Landamót	1240		3520	3560		8320
Laugafell		480	2040	520	490	3530
Narfastaðir		4000	1000	8000	1995	14995
Pálmholt				2000		2000
Samtals	3340	8032	12360	43360	3465	70557

Norður-Pingeyjarsýsla - vorgróðursetning

Jörð	Birki	Lerki	Samtals
Garður 1	2480	7520	10000
Samtals	2480	7520	10000

Suður-Pingeyjarsýsla - haustgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Samtals
Hjaltastaðir		670			670
Hróarsstaðir		402			402
Kárhóll				4020	4020
Landamót	520		504	3000	4024
Laugafell	1000			2000	3000
Narfastaðir	1000			2010	3010
Pálmholt				4087	4087
Samtals	2520	1072	504	15117	19213


Norður-Pingeyjarsýsla - haustgróðursetning

Jörð	Lerki	Samtals
Garður 1	2546	2546
Snartarstaðir 2	2000	2000
Samtals	4546	4546

Suður-Pingeyjarsýsla - heildargróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Hjaltastaðir	600	1340	840	4560		7340
Hrafnstaðir	500	480		4000		4980
Hróarsstaðir		804	400	11200		12404
Jódísarstaðir			2040	2520	980	5540
Kárhóll	1000	2000	2520	11020		16540
Landamót	1760		4024	6560		12344
Laugafell	1000	480	2040	2520	490	6530
Narfastaðir	1000	4000	1000	10010	1995	18005
Pálmholt				6087		6087
Samtals	5860	9104	12864	58477	3465	89770


S-Ping skipting milli tegunda



Norður-Pingeyjarsýsla - heildargróðursetning

Jörð	Birki	Lerki	Samtals
Garður 1	2480	10066	12546
Snartarstaðir 2		2000	2000
Samtals	2480	12066	14546

N-Ping skipting milli tegunda



Skjólbeltarækt

Átak var gert í skjólbeltarækt í Þingeyjarsýslum árið 2000 og gætti áhrifa þess enn verulega í ár. Sérstaklega má benda á brautryðjendastarf bænda í í Þistilfirði og á Langanesi, þar sem lítil hefð hefur verið fyrir skóg-og skjólbeltarækt. Gerðar voru skjólbeltaáætlanir á 11 jörðum. Á þessu ári voru ræktuð skjólbelti á 17 jörðum, 6 fleiri enn á fyrra ári.

Suður-Þingeyjarsýsla - skjólbelti

Jörð	Birki	Lerki	Víðir	Ösp	Reynir	Samtals
Björg			720	50		770
Háls	89		223	355		667
Hjaltastaðir			568	49		617
Hrafnstaðir			432	86		518
Kambstaðir		40	200			240
Miðhvammur			76	7		83
Narfastaðir	364	315	1073		45	1752
Nes		85	860	85		1030
Staðarhóll		40	232			272
Samtals	453	480	4384	632	45	5949

Norður-Þingeyjarsýsla - skjólbelti

Jörð	Birki	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Reynir	Samtals
Árdalur				620			620
Brekka	34		68	935	45		1082
Hóll	31	9		425	20		485
Laxárdalur	186	122	64	1538	208	21	2118
Lón 2	65			460			525
Sandfellshagi 2	40			626	84		750
Ytra-Áland	39		32	1060	78		1209
Ytra-Lón				990			990
Samtals	395	131	164	6654	435	21	7779

Guðríður Baldvinsdóttir, svæðisstjóri Þingeyjarsýslum

Skagafjarðarsýsla – samantekt

Mikill áhugi er fyrir Norðurlandsskógaverkefninu í Skagafirði. Nokkrar jarðir voru þátttakendur í verkefninu nytjaskógrækt á bújörðum og fóru þær allar inn í Norðurlandsskóga.

Sumarstarfsmaður í Skagafirði var Laufey Haraldsdóttir. Í lok árs kom til starfa Johan W. Holst skógfræðingur sem verður svæðisstjóri í Skagafirði og Húnavatnssýslum.

Skógrækt

Margar nýjar jarðir voru teknar inn í verkefnið á þessu ári, byrjað var að gróðursetja þar sem kortlagningu og áætlanagerð var lokið en á hinum jörðunum voru girðingaframkvæmdir og undirbúningur fyrir gróðursetningu á næsta ári. Alls hafa 20 jarðir verið teknar inn í verkefnið í Skagafirði. Vélflékkjartækið Skógarstjarnan var keypt í samstarfi við Halldór á Úlfsstöðum sem mun vinna sem verktaki fyrir skógarbændur. Tilraun var gerð með jarðvinnslu á Kúskerpi og á Silfrastaðum. Sú tilraun kom vel út og áætlað er að vinna talsvert mikið næsta vor og haust fyrir gróðursetningar vorið 2003.

Skagafjörður - vorgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Egilsá			200	120		105	425
Engihlíð	2600			5000	600		8200
Gautland			4240			1190	5430
Krithóll 2	500			9800			10300
Kúskerpi	2018			4000			6018
Marbæli				5000			5000
Merkigarður	500		480	1000			1980
Páfastaðir	500	1600		7120			9220
Silfrastaðir	5050	5800	8800	12680			32330
Stóru-Reykir	600			7065			7665
Syðri-Mælifellsá	2000			1000			3000
Samtals	13768	7400	13720	52785	600	1295	89568


Skagafjörður - haustgróðursetning

Jörð	Fura	Lerki	Samtals
Gautland		2000	2000
Héraðsdalur 2		2000	2000
Marbæli		5000	5000
Páfastaðir	1005	4020	5025
Silfrastaðir		15320	15320
Samtals	1005	28340	29345

Skagafjörður - heildargróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Egilsá			200	120		105	425
Engihlíð	2600			5000	600		8200
Gautland			4240	2000		1190	7430
Héraðsdalur 2				2000			2000
Krithóll 2	500			9800			10300
Kúskerpi	2018			4000			6018
Marbæli				10000			10000
Merkigarður	500		480	1000			1980
Páfastaðir	500	2605		11140			14245
Silfrastaðir	5050	5800	8800	28000			47650
Stóru-Reykir	600			7065			7665
Syðri-Mælifellsá	2000			1000			3000
Samtals	13768	8405	13720	81125	600	1295	118913

Skagafjörður skipting milli tegunda



Skjólbeltarækt

Fremur lítið var um skjólbeltarækt á þessu ári en talsvert var unnið undir skjólbelti í haust sem áætlað er að leggja næsta vor.

Skagafjörður - skjólbelti

Jörð	Birki	Greni	Víðir	Ösp	Samtals
Gautland	80	80	1040	80	1280
Melar			272		272
Nautabú	175	120	1633	116	2044
Samtals	255	200	2945	196	3596

Austur- og Vestur Húnavatnssýsla – samantekt

Aðeins þrjár jarðir voru þátttakendur í Norðurlandsskógum í ársbyrjun 2001. Eins og í Skagafirði voru margar nýjar jarðir teknar inn á árinu og í lok árs voru 6 jarðir þátttakendur í V-Hún og 8 í A-Hún.

Margar jarðir voru kortlagðar í sumar og verður áætlun unnin fyrir þær í vetur þannig að hægt verður að hefja gróðursetningu næsta vor.

Sumarstarfsmaður í Húnavatnssýslum var Ólöf Sigurbjartsdóttir.

Skógrækt

Austur – Hún. vorgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Hamar	13864	17061	15660	37440	5110	89135
Samtals	13864	17061	15660	37440	5110	89135


Austur – Hún. haustgróðursetning

Jörð	Fura	Lerki	Samtals
Hamar	5561	7920	13481
Samtals	5561	7920	13481

Austur – Hún. heildargróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Hamar	13864	22622	15660	45360	5110	102616
Samtals	13864	22622	15660	45360	5110	102616

A-Hún. skipting milli tegunda



Vestur – Hún. vorgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Barkarstaðir			1800	2440	350	4590
Dæli	104	1639	400	2440		4583
Samtals	104	1639	2200	4880	350	9173


Vestur – Hún. haustgróðursetning

Jörð	Fura	Samtals
Dæli	1139	1139
Samtals	1139	1139

Vestur – Hún. heildargróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Barkarstaðir				1800	2440		350	4590
Dæli		104	2778	400	2440			5722
Samtals	0	104	2778	2200	4880	0	350	10312

V-Hún. skipting milli tegunda



Skjólbelti

Það er ekki mikil hefð fyrir skjólbeltarækt í Húnavatnssýslum en búast má við að áhuginn aukist þegar kemur í ljós hvernig til tekst á þeim jörðum sem þegar eru byrjaðar. Nauðsynlegt er að gera átak í skjólbeltarækt á þessu svæði.

Vestur – Hún. - skjólbelti

Jörð	Birki	Greni	Lerki	Víðir	Samtals
Barkarstaðir	57	15	42	574	688
Samtals	57	15	42	574	688

Austur – Hún. - skjólbelti

Jörð	Birki	Greni	Víðir	Ösp	Samtals
Auðkúla	120	30	450	90	690
Eyjófsstaðir	80		936	77	1093
Hof			266	33	299
Kornsá	47	3		45	95
Samtals	247	33	1652	245	2177

Fundargerðir Stjórnar Norðurlandsskóga

Norðurlandsskógar Stjórnarfundur nr. 8

Árið 2001, þriðjudaginn 23.jan, kl. 13.30 var í Borgartúni 6, Reykjavík fundur stjórnar með framkvæmdastjóra Sigrúnu Sigurjónsdóttur.

Fyrir var tekið:

1. Laun stjórnar.

Samþykkt var að greiða laun stjórnarmanna mánaðarlega í gegnum launadeild fjármálaráðuneytis.

2. Verkefni og framkvæmdir s.l. árs.

Sigrún gerði grein fyrir helstu verkefnum og framkvæmdum s.l. árs. Þar kom fram að um áramót hefði inneign á reikningi í Búnaðarbanka verið um 800.000 kr. og að auki hefði bankinn greitt um 180.000 kr. í vexti.

Á árinu voru gróðursettar 264.410 plöntur. Mest var gróðursett á Hamri í Langadal 73..060 en meðaltal á jörð voru 15.000 plöntur.

3.Fjárhagsáætlun 2001 og fjárlagaáætlun fyrir árið 2002.

Sigrún lagði fram drög að þessum áætlunum, sjá fylgiskjal:

Nokkrar fyrirspurnir voru gerðar og athugasemdir. T.d. var bent á að ef til vill væri kostnaður við áætlanagerð vanmetinn. Sigrún skýrði það þannig að undir launalið væri

hluti kostnaðar vinna við áætlanagerð.

Þá var samþykkt að leita samninga við Ísgraf um kaup á loftmyndum.

Varðandi aðkeypta sérfræðiþjónustu lagði Sigrún fram drög að þjónustusamningi milli Nl.sk og S.r. Þar kemur fram að fyrir þjónustuna greiða Nl.sk. 2.600 kr. á klst. án vsk. Sigrúnu var falið að undirrita samninginn.

Varðandi áætlaðan launakostnað óskaði Sigrún eftir heimild til að ráða fleiri starfsmenn. Agnes Brá Birgisdóttir hefur þegar verið ráðin um mánaðartíma í sumar. Samþykkt var að heimila ráðningu 1-2 starfsmanna.

Í áætlun um tækjakaup eru m.a. kaup á bifreið upp á 3milj. kr. Engar athugasemdir þar um.

Sameiginlegt álit fundarins var að æskilegt væri að Nl.sk. verðu einhverju fé til rannsóknarstarfa. Var Sigrúnu falið að leita samstarfs við rannsóknarstöðina á Mógilsá.

Varðandi drög að fjárlagaáætlun 2002 upp á 80 milj.kr. var bent á að rétt væri að uppreikna þessa áætlun með vísitölu neysluverðs.

4. Samningur við skógarbændur.

Farið var yfir samningsdrög. Fram kom að á vegum Félags skógarbænda á Norðurlandi hefur lögfræðingur unnið að málinu, ásamt fulltrúum félagsins. Samningsdrögin voru mikið rædd og nokkrar ábendingar komu fram um breytingar. Samþykkt var að fela Sigrúnu að vinna málið áfram.

5. Sigrún kynnti hugmyndir að hugsanlegri þátttöku NL.sk. í rannsóknarhúsi Háskólans á Akureyri. Málið er á frumstigi og var afgreiðslu frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19.30.

Davíð Guðmundsson (sign) Stefán Guðmundsson (sign) Sigrún Sigurjónsdóttir (sign)
Sigurður Skúlason (sign) Þorvaldur Böðvarsson (sign)

Norðurlandsskógar Stjórnarfundur nr. 9

Árið 2001, fimmtudaginn 15. febr, kl. 11 var á Greifanum á Akureyri fundur stjórnar NL. sk. með framkvæmdastjóra Sigrúnu Sigurjónsdóttur . Einnig sátu fundinn, undir 1. dagskrárlið, Þröstur Eysteinnsson, Brynjar Skúlason og Guðríður Baldvinsdóttir.

Fyrir var tekið:

1. Tillaga að sérstöku svæðisskipulagi fyrir NL.sk..

Þröstur kynnti nýjustu útgáfu af tillögunni. Farið var yfir þá þætti hennar þar sem hafa verið gerðar breytingar frá síðustu útgáfu. Í gr. 5.1. 9, um skógarnyttjar er vísað til 14. gr. náttúruverndarlaga nr. 44, um rétt almennings til umferðar um skógræktarlönd bænda. Samþykkt var að vísa til þessarar greinar laganna í samningum NL.sk. við skógarbændur. Fjölmargar fyrirspurnir komu fram og leysti Þröstur greiðlega úr þeim. Sérstaka umfjöllun hlaut tillaga að „ flýtimeðferð “á framkvæmdaleyfi sbr.gr. 5.3.6.2. Fundarmenn voru sammála um að sú málsmeðferð væri ásættanleg.

2. Samningar við skógarbændur.

Fyrir lágu drög að samningi sem voru yfirfarin. Rætt var um mikilvægi þess að skógarbóndi hafi sótt grunnnámskeið í skógrækt áður en honum er afhent fyrsta plantan til gróðursetningar. Sigrúnu var falið að framfylgja þessu þýðingarmikla máli. Þeim möguleika var varpað fram, hvort það kæmi til greina að þeir bændur sem hafa verið aðilar að Nytjaskógrækt á bújörðum nytu lægri endurgreiðslukvaða vegna þeirrar ræktunar sem þegar hefur verið unnin. Niðurstaða varð sú að það ætti ekki að vera svo.

3. Erindi, sent til umsagnar.

Frá Landbúnaðarráðuneytinu dagsett 7. febr. s.l. Drög að frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkissjóð og stofnanir landbúnaðarins að eiga hlutabréf í hlutafélagi um rekstur fræmiðstöðvar. Sigrúnu var falið að vinna drög að umsögn um erindið.

4. Forgangsröðunarreglur.

Samþykktar voru eftirfarandi reglur.

1. Lögbylí í fastri ábúð og lögbylí sem samnýtt eru með þeim.
2. Lögbylí í eigu einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði NL.sk.
3. Lögbylí í eigu félaga eða fyrirtækja sem eiga lögheimili á starfssvæði NL.sk.

4. Lögbyli í eigu einstaklinga, félaga eða fyrirtækja sem eiga lögheimili utan starfssvæðis Nl.sk.
5. Önnur sérvalin verkefni sem rúmast innan skilgreiningar laga um landshlutabundin skógræktarverkefni nr. 56 /1999.

5. Lógó fyrir Nl.sk.

Sigrúnu var falið að leita til valinna aðila á Norðurlandi um tillögu að lógó fyrir verkefnið. Einnig var henni og formanni falið að velja fólk í þriggja manna dómnefnd. Samþykkt var að veita verðlaun fyrir þá tillögu sem dómnefnd velur besta, kr. 50.000.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16.45.

Davíð Guðmundsson (sign) Stefán Guðmundsson (sign) Sigurður Skúlason (sign)
Sigrún Sigurjónsdóttir (sign) Þorvaldur Böðvarsson (sign)

Norðurlandsskógar Stjórnarfundur no. 10

Árið 2001, þriðjudaginn 17. apríl, kl. 13 kom stjórnin saman til fundar að Búgarði ásamt framkvæmdastjóra, Sigrúnu Sigurjónsdóttir. Fyrir var tekið:

1. Loftmyndir.

Sigrún kynnti tilboð í loftmyndir frá Ísgraf. Tilboðið var sameiginlegt fyrir Nl.sk. Vesturlandssk. og Skjólskóga 12.9 millj. kr. sem yrði greitt á 7 árum, þ.e. kr.

1.842.600

á ári. Miðað við stærð verkefnanna kæmi 6.6 millj. kr. í hlut Nl.sk. 950.000 kr. á ári. Samþykkt var að ganga að þessu tilboði.

2. Samningur við skógarbændur.

Samningsdrögin voru yfirfarin og samþykkt. Sjá fylgiskjal með fundargerð.

3. Merki Nl.sk.

Aðeins ein tillaga barst. Gerð á auglýsingastofunni Stúl, unnin af Aðalsteini Svani Sigfússyni. Aðalsteinn kom inn á fundinn. Formaður þakkaði honum en Aðalsteinn skýrði hugmyndir sínar að merkinu og notkun þess.

4. Svæðisskipulagið.

Sigrún greindi frá stöðu málsins sem er enn í vinnslu. Athugasemdir hafa borist frá Skipulagsstofnun. Eftir úrvinnslu þeirra verður fundað með Náttúruvernd ríkisins og fulltrúum Þjóðminjasafns.

5. Erindi.

Frá Stefáni Stefánssyni eiganda Æsustaða dags.7. febr. s.l. þar sem hann lýsir óánægju sinni yfir því að komast ekki inn í verkefnið. Erindið var rætt og var framkvæmdastjóra falið að svara því og gera Stefáni grein fyrir stöðu málsins.

6. Starfsmannamál.

Sigrún greindi frá ráðningu Valgerðar Jónsdóttur garðyrkjutækniþjálfarar í fullt starf. Hún kemur til starfa um miðjan ágúst. Ólöf Sigurbjartsdóttir garðyrkjufraeðingur hefur verið ráðin sem sumarstarfsmaður fyrir Húnavatnssýslur, frá 15. maí til 15. ágúst.

Þá var samþykkt að auglýsa eftir svæðisstjóra fyrir Skagafjörð og Húnavatnssýslur í fullt starf og sumarstarfsmanni fyrir Skagafjörð.

7. Ferðamál.

Sigrún óskaði eftir fararleyfi fyrir tvo starfsmenn Nl.sk. í skógræktar og fræðsluferð til Alaska 7.-18. sept. Ferðin kostar 180.000 kr. á mann að viðbættum fæðiskostnaði, um 45.000 kr. Samþykkt. Einnig var Sigrúnu veitt heimild til að fara til Svíþjóðar 6.-9. júní n.k. á skógræktar og tækjasýningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16.30

Davíð Guðmundsson (sign) Stefán Guðmundsson (sign) Sigurður Skúlason (sign)
Þorvaldur Böðvarsson (sign) Sigrún Sigurjónsdóttir (sign)

Norðurlandsskógar Stjórnarfundur no. 11

Árið 2001, föstudaginn 1. júní, kl. 11 kom stjórn Nl.sk. saman að Búgarði ásamt framkvæmdastjóra Sigrúnu Sigurjónsdóttir.

Fyrir var tekið:

1. Svæðisstjóri fyrir Norðurland vestra.

Eftirtalin sóttu um starfið:

Johan W. Holst, Núpum 3, 803 Selfoss

Valgeir Bjarnason, Nátthaga 7, Hólum í Hjaltadal

Guðbjörg Guðmundsdóttir, Hólatúni 14, 550 Sauðárkróki

Laufey Haraldsdóttir, Nautabúi, 551 Skagafjörður

Mæva Marlene Urbschat, Litla Búrfelli, 541 Blönduós

Raimund B.Brockmeyer-Urbschat, sama stað.

Johan W. Holst hefur einn þessara mætu einstaklinga skógfræðimenntun. Á þeim forsendum var Sigrúnu falið að ræða við hann um ráðningu í starfið. Henni var einnig falið að svara öðrum umsækjendum bréflaga.

2. Sumarstarfsmaður í Skagafjörð.

Ein umsókn barst, frá Laufeyju Haraldsdóttir, Nautabúi. Sigrún var falið að ræða við hana um ráðningu hennar í starfið.

3. Svæðisskipulag, framkvæmdaleyfi.

Rætt var um erindi frá Þresti Eysteinsyni dags. 17. maí s.l. þar sem kemur fram að Skipulagsstofnun hafnar „flýtimeðferð“ á framkvæmdaleyfi sem talin var ásættanleg á

9. stjórnarfundir. Framkvæmdastjóra og formanni var falið að vinna áfram að ásættanlegri lausn málsins.

4. Plastlagningavélar.

Samþykkt var að verða við erindi Skógræktarfélags V-Húnavetninga og styrkja félagið með 200.000 kr. til kaupa á slíkri vél, gegn afnotum hennar fyrir Nl.sk.

5. Gróðursetningaráhöld.

Samþykkt var að styrkja bændur til kaupa á gróðursetningaráhöldum. Afhent verði eitt plönturör og eitt bakkabelti á hvern bæ.

6. Grisjun.

Sigrún kynnti undirbúning að grisjunarvinnu, sem gæti hafist með haustinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.15.30.

Davíð Guðmundsson (sign) Stefán Guðmundsson (sign) Sigurður Skúlason (sign)
Þorvaldur Böðvarsson (sign) Sigrún Sigurjónsdóttir (sign)

12. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga

Haldinn á Búgarði 4. október 2001

Allir stjórnarmenn mættir ásamt framkvæmdastjóra.

Dagskrá:

- 1 Kynning á stöðu verkefna
- 2 Fjármál, staða og endurskoðun fjárhagsáætlunar, fjárlagafrumvarpið
- 3 Girðingareglur
- 4 Erindi sem hafa borist Nls
- 5 Inntaka nýrra jarða í Nls
- 6 Önnur mál

1. Kynning á stöðu verkefna.

Sigrún skýrði frá stöðu mála. Kortlagðar hafa verið 42 nýjar skógræktarjarðir sumarið 2001. Milli 15 og 20 skjólbeltaræktendur hafa verið teknir inn til viðbótar. Nokkur vandræði voru með öflun loftmynda sem tafði áætlunarvinnu. Spurt var um skipulagsmál, Sigrún svarar því til að beðið sé eftir niðurstöðu úrskurðarnefndar skipulagsmála vegna kæru skógarbónda á Vesturlandi vegna framkvæmdarleyfis. Rætt var um framkvæmdaleyfi almennt og hvaða lausn væri best á þessum málum. Lagt var til að sveitarstjórnnum yrði tilkynnt um skógrækt á jörðum í sveitarfélaginu. Einnig var rætt um að kynna skipulagsnefndum sveitarfélaga verkefnið og hvaða jarðir í sveitarfélaginu eru þátttakendur. Mikla vinnu er búið að leggja í svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga, Sigrún lagði áherslu á að sú vinna yrði kláruð og skipulagið gefið út.

Sigrún skýrði að lokum frá starfsmannamálum. Ráðnir hafa verið tveir nýir svæðisstjórar. Fyrir Eyjafjörð og Fnjóskadal er Valgerður Jónsdóttir ráðin frá 7. ágúst og fyrir Skagafjörð og Húnavatnssýslur er Johan Holst ráðinn frá 24. september. Valgerður er garðyrkjutæknifræðingur frá Háskólanum í Alnarp og Johan er skógfræðingur frá Landbúnaðarháskóla Noregs.

2. Fjármál.

Sigrún dreifði yfirliti um stöðu fjármála. Plöntukaup eru heldur undir áætlun, keyptar hafa verið plöntur fyrir um 10 miljónir. Garðyrkjustöðin á Grísará náði ekki að standa við framleiðslusamning, upp á vantaði plöntur fyrir 2 milj. Fulltrúi skógarbænda í stjórninni kom með tillögu um að greiðslur fyrir gróðursetningu yrðu hækkaðar, kom hann með dæmi að austan þar sem greiðslur eru talsvert hærri, þar er greitt gjald fyrir umsjón og lagði hann til að slíku framlagi yrði bætt við greiðslur hér. Talsverðar umræður urðu um greiðslur fyrir gróðursetningar og aðra framkvæmdaþætti.

Formaður telur brýnt að samráð verði haft við önnur verkefni um greiðslur, eðlilegast væri að samræma greiðslur milli verkefnanna. Ákveðið var að taka málið upp með kjaranefnd Félags skógarbænda á Norðurlandi. Sigrún fór áfram yfir fjárhagsáætlun. Slóðagerð og jarðvinnsla hefur verið heldur minni en áætlað var. Stefnt er að grisjunarnámskeiði og grisjunarvinnu í haust. Kostnaður við áætlanagerð verður svipaður og ráð var fyrir gert. Útgjöld vegna skjólbelta er eins og ráð var fyrir gert. Launakostnaður verður hærri en áætlað var, er það einkum vegna mikils aksturs. Húsnæðiskostnaður verður heldur lægri en áætlað var. Tækjakaup eru samkvæmt áætlun. Starfsmenn fengu ferðastyrk frá FÍN á móti ferðakostnaði til Alaska, samtals 140.000 kr.

Sigrún upplýsti að fjármálin eru nánast í járnnum og nauðsynlegt að fá það fjármagn fyrir næsta ár sem gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem samningar hafa verið gerðir um mun meiri plöntukaup á næsta ári en í ár.

Rætt var um fjárlagafrumvarpið. Í nýframlögðum fjárlögum eru aðeins 50 milj. til Norðurlandsskóga í stað 80 eins og var áætlað.

Formaður og framkvæmdastjóri munu fá fund með þingmönnum kjördæmanna. Fundur hefur einnig verið bókaður með formanni og varaformanni fjárlaganefndar.

3. Girðingarreglur.

Sigrún las upp drög að girðingareglum. Talsverðar umræður um girðingareglurnar. Reglurnar voru samþykktar eftir lítilsháttar breytingar (sjá fylgiskjal). Samþykkt að hækka eingreiðslu per hektar í 1.500 kr. í stað 1.000 kr.

4. Erindi sem borist hafa Norðurlandsskógum.

- 1 Davíð lagði fram eftirfarandi tillögu frá stjórn félags skógarbænda á Norðurlandi.

“Aðalfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi skorar á stjórn Norðurlandsskóga að taka upp viðræður við Lánasjóð Landbúnaðarins um breytingar á úthlutun til girðingarframkvæmda vegna skógræktar, þannig að lánshlutfall af raunkostnaði hækki og krafa um lágmarks lánsfjárhæð lækki.”

Stjórnarmönnum þótti eðlilegt að Félag skógarbænda ynni að þessu máli sjálf.

Samþykkt að fela framkvæmdarstjóra að taka málið upp á væntanlegum sameiginlegum fundi framkvæmdastjóra verkefnanna.

- 2 Erindi barst frá Rannsóknarstöðinni á Mógilsá í janúar um styrk til úttekta á birkiskógum. Samþykkt var að veita 200.000 kr. til verkefnisins vegna þess að tilraunirnar eru mikilvægar fyrir birkirækt á Norðurlandi. Annað erindi hefur einnig borist frá Mógilsá varðandi styrk til rannsóknar á plöntusjúkdómum bæði vegna ársins 2000 og ársins í ár. Styrkur að

upphæð 100.000 kr. var veittur til þessa verkefnis á síðasta ári.
Framkvæmdastjóra falið að benda á þessa staðreynd og svara erindinu.

- 3 Erindi barst frá Skógræktarfélagi Eyfirðinga varðandi beiðni um styrk til kaupa á viðarkurlara. Framkvæmdastjóra var falið að svara bréfinu á þá leið að stjórnarmönnum þætti ekki tímabært að ráðast í slíka fjárfestingu
- 4 Erindi barst frá Garðyrkjustöðinni á Gríсарá varðandi framlengingu á verksamningi um framleiðslu skógarplantna. Ákveðið var að bjóða út plöntuframleiðsluna. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu.

5. Inntaka nýrra jarða í Norðurlandsskóga.

Sigrún gerði grein fyrir þeim jörðum sem bíða eftir inngöngu í verkefnið og eru samtals 31 jörð í fyrsta forgangshóp. Samþykkt var að taka inn eftirtaldar jarðir með fyrirvara um að fjárveitingar haldi áætlan fyrir árið 2002. Ef fjárveitingar bregðast verður að endurskoða listann og væntanlega að setja allar jarðirnar á biðlista aftur.

Jaðirnar eru:

Jörð	Sýsla
Ártún	S-Þing
Bakki	A-Hún.
Barð	V-Hún
Brekka	Skagafirði
Engi	S-Þing
Engidalur	S-Þing
Fellshlíð	S-Þing
Fosshóll	V-Hún
Garður	N-Þing.
Gerði	Eyjafirði
Gilsá	Eyjafirði
Grófargil	Skagafirði
Haldórsstaðir	S-Þing
Hallgilsstaðir	S-Þing
Hjarðarhagi	Skagafirði
Kjölur	S-Þing
Knútsstaðir	S-Þing
Lón II	N-Þing.
Lundabrekka	S-Þing
Lækjamót	V-Hún
Núpar	S-Þing
Ófeigsstaðir	S-Þing
Rauðaskriða	S-Þing
Smjörhóll	N-Þing.
Stóra-Búrfell	A-Hún.
Tjarnir	Skagafirði
Tungunes	S-Þing
Vellir	S-Þing
Víðivellir	S-Þing
Æsustaðir	A-Hún.
Öxl	A-Hún.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Stefán Guðmundsson (sign) Sigurður Skúlason (sign), Þorvaldur Böðvarsson
(sign) Davíð Guðmundsson (sign) Sigrún Sigurjónsdóttir (sign)
Valgerður Jónsdóttir ritaði fundargerð